















Sr. Axel Árnason Njarðvík jarðsyngur

Einsöngur: Benedikt Kristjánsson og
Pálmi Gunnarsson

Organisti: Steingímur Þórhallsson

Félagar í Cantoque leiða söng

Umsjón útfarar: Útfararstofa Kirkjugarðanna

*Útförinni er streymt á **www.skjaskot.is/edda***

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug.*

*Jarðsett er í Fossvogskirkjugarði, leiði nr. Z-125.*

Prentun - Útfararstofa Kirkjugarðanna





Fædd 13. desember 1926

Dáin 7. desember 2023

Útför frá Neskirkju

fimmtudaginn 21. desember 2023

## Forspil

*Óbó Gabríels*

*Ennio Morricone*

## Einsöngur

*Íslenska konan*

*Ómar Ragnarsson - Billy Joel*

## Signing og bæn

Heyr, himna smiður,
hvers skáldið biður,
komi mjúk til mín
miskunnin þín.
Því heit eg á þig,
þú hefur skaptan mig,
ég er þrællinn þinn,
þú ert Drottinn minn.

Guð, heit eg á þig,
að græðir mig,
minnst, mildingur, mín,
mest þurfum þín.
Ryð þú, röðla gramur,
ríklyndur og framur,
hölds hverri sorg
úr hjartaborg.

Gæt, mildingur, mín,
mest þurfum þín
helst hverja stund
á hölda grund.
Set, meyjar mögur,
máls efni fögur,
öll er hjálp af þér,
í hjarta mér.

*Kolbeinn Tumason -*
*Þorkell Sigurbjörnsson*

## Ritningarlestur

Hvað bindur vorn hug við heimsins glaum,
sem himnaarf skulum taka?
Oss dreymir í leiðslu lífsins draum,
en látumst þó allir vaka,
og hryllir við dauðans dökkum straum,
þó dauðinn oss megi' ei saka.

Til moldar oss vígði hið mikla vald,
hvert mannslíf, sem jörðin elur.
Sem hafsjór, er rís með fald við fald,
þau falla, en Guð þau telur,
því heiðloftið sjálft er huliðstjald,
sem hæðanna dýrð oss felur.

En ástin er björt sem barnsins trú,
hún blikar í ljóssins geimi,
og fjarlægð og nálægð, fyrr og nú,
oss finnst þar í eining streymi.
Frá heli til lífs hún byggir brú
og bindur oss öðrum heimi.

Af eilífðar ljósi bjarma ber,
sem brautina þungu greiðir.
Vort líf, sem svo stutt og stopult er,
það stefnir á æðri leiðir.
Og upphiminn fegri' en auga sér
mót öllum oss faðminn breiðir.

*Einar Benediktsson - C. E. F. Weyse 1826*

## Ritningarlestur

Fögur er foldin,
heiður er Guðs himinn,
indæl pílagríms ævigöng.
Fram, fram um víða
veröld og gistum
í Paradís með sigursöng.

Kynslóðir koma,
kynslóðir fara,
allar sömu ævigöng.
Gleymist þó aldrei
eilífa lagið
við pílagrímsins gleðisöng.

Fjárhirðum fluttu
fyrst þann söng Guðs englar,
unaðssöng, er aldrei þver:
Friður á foldu,
fagna þú, maður,
frelsari heimsins fæddur er.

*Ingemann / Matthías Jochumsson - Þjóðlag frá Slesíu*

## Guðspjall

## Einsöngur

*Frið læt ég yður eftir*

Sá sem elskar mig varðveitir ætíð orð mín
og faðir minn mun elska hann.
Frið læt ég yður, læt yður eftir.
Frið minn, frið minn gef ég, gef ég yður.
Eigi svo sem heimurinn gef ég yður.
Hjarta yðar skelfist ei né hræðist.
Frið læt ég yður, læt ég yður eftir.
Frið minn, frið minn gef ég yður.
Eigi svo sem heimurinn gef ég yður.
Hjarta yðar skelfist eigi né hræðist.
Sjá, ég er með yður ætíð,
alla daga allt til enda alla daga
allt til enda veraldar.

*Kristján Valur Ingólfsson, felldi texta að tóni, lag Sigurður Sævarsson*

## Minningarorð

## Einsöngur

*Ave María*

Þú blíða drottning
bjartari' en sólin,
þú biður fyrir lifendum og dauðum.
Hríf um eilífð oss frá heljar nauðum.
Ave María, Ave María, Ave María!
Gef þeim himnesk jólin.

Bið þinn son
að vernda oss frá villu.
Í veröld eru margir stígar hálir.
Um eilífð vernda allar látnar sálir.
Ave María, Ave María, Ave María!
Frelsa þær frá illu.

*Indriði Einarsson - Sigvaldi S. Kaldalóns*

## Bæn og Faðir vor

Þar sem englarnir syngja sefur þú,
sefur í djúpinu væra.
Við hin sem lifum, lifum í trú
að ljósið bjarta skæra
veki þig með sól að morgni,
veki þig með sól að morgni.

Drottinn minn faðir, lífsins ljós,
lát náð þína skína svo blíða.
Minn styrkur þú ert, mín lífsins rós,
tak burt minn myrka kvíða.
Þú vekur hana með sól að morgni,
þú vekur hana með sól að morgni.

Faðir minn láttu lífsins sól
lýsa upp sorgmætt hjarta.
Hjá þér ég finn frið og skjól.
Láttu svo ljósið þitt bjarta
vekja hana með sól að morgni,
vekja hana með sól að morgni.

Drottinn minn, réttu sorgmæddri sál.
Svala líknarhönd.
Og slökk þú hjartans harmabál,
slít sundur dauðans bönd.
Svo vaknar hún með sól að morgni,
svo vaknar hún með sól að morgni.

Farðu í friði vina mín kær.
Faðirinn mun þig geyma
um aldur og ævi þú verður mér nær,
aldrei ég skal þér gleyma.
Svo vöknum við með sól að morgni,
svo vöknum við með sól að morgni.

Svo vöknum við með sól að morgni,
svo vöknum við með sól að morgni.

*Bubbi Morthens*

## Blessunarorð

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, –
líf mannlegt endar skjótt.

Ég veit, minn ljúfur lifir
lausnarinn himnum á,
hann ræður öllu yfir,
einn heitir Jesús sá,
sigrarinn dauðans sanni
sjálfur á krossi dó
og mér svo aumum manni
eilíft líf víst til bjó.

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

*Hallgrímur Pétursson - Antwerpen 1540 / Breytt 1840*

## Eftirspil

*Slá þú hjartans hörpustrengi BWV 147*

*J. S. Bach*

—

## *Í kirkjugarði:*

## Moldun

Í friði látinn hvíli hér,
nú heim frá leiði göngum vér.
Ó, búum einnig oss af stað,
því óðum líður stundin að.

Svo veri dauðinn velkominn,
vér vitum, Jesús, dauði þinn
frá dauðans valdi leysti lýð,
þér lof og dýrð sé fyrr og síð.

*Paghensis / Weisse - Wittenberg 1544*